

Rýmingaráætlun Brúarskóla

Vesturhlíð

Brunaviðvörunarkerfi er í Brúarskóla við Vesturhlíð. Ef kerfið fer í gang skal unnið samkvæmt rýmingaráætlun. Brunaæfing fer fram á hverju hausti og sjá umsjónarkennarar um að kynna áætlun fyrir nemendum. Markmið er að allar byggingar skólans verði rýmdar á innan við 3 mín.

Mikilvæg atriði

- Nemendum ber að láta starfsmann vita verði þeir varir við eld. Ef brunaboði er nálægur á að ýta á hann.
- Ef reykur er á gangi eiga nemendur að halda kyrru fyrir í stofu og skal hurð vera lokuð. Fólki verður bjargað út um glugga þegar slökkvilið kemur.
- Mynd af flóttaleiðum er á vegg á hverju svæði og fer rýmingin fram samkvæmt flóttaleiðum sem starfsmenn hafa kynnt sér og búið er að kynna nemendum.
- Söfnunarsvæði er á **fótboltavelli**.
- Ritari (eða skólastjóri/aðstoðarskólastjóri í fjarvist ritara) tekur skráningabók fjarvista (dagbók) og neyðarlista með sér út.

Rýming bygginga

- Ef viðvörunarkerfi fer í gang skal nemendum raðað upp í stofu og fylgt út.
- Nemendur taka hvorki með sér skó né yfirhafnir þegar skólinn er rýmdur.
- Kennari fer síðastur út úr stofu og lokar hurð á eftir sér.
- Nemendur ganga í röð, alls ekki hlaupa, á eftir kennara sínum út á fótboltavöll.
- Nemendur sem eru á salernum, á sal eða öðrum rýmum þegar eldur kemur upp, fara stystu leið út og safnast á fótboltavöll.
- Starfsmenn meta og velja sína flóttaleið og fara á fótboltavöll.
- Nemendur í sérgreinatímum fylgja sínum sérgreinakennara og sameinast bekkjarhópi sínum á fótboltavelli.
- Nemendur raða sér í stafrófsröð hjá umsjónarkennurum á fótboltavellinum.
- Umsjónarkennarar fara yfir nafnalista og aðgæta hvort allir nemendur hafa komist út.
- Starfsmenn sem ekki hafa umsjón með hópum raða sér upp í stafrófsröð á fótboltavelli.
- Ef umsjónarkennari gefur merki um að einhvern vanti athugar ritari og skólastjóri/aðstoðarskólastjóri nafnalista og fjarvistaskráningar.
- Skólastjóri/aðstoðarskólastjóri fer yfir nafnalista starfsmanna og athugar hvort allir hafa komist út.
- Þegar talning hefur farið fram má leita skjóls í öðrum byggingum skólans meðan hættuástand varir.

Dalbraut

Brunaviðvörðunarkerfi er í Brúarskóla við Dalbraut. Ef kerfið fer í gang skal unnið samkvæmt rýmingaráætlun. Brunaæfing fer fram á hverju hausti og sjá kennarar um að kynna áætlun fyrir nemendum. Markmið er að allar byggingar verði rýmdar á innan við 3 mínútum.

Mikilvæg atriði

- Nemendum ber að láta starfsmann vita verði þeir varir við eld. Ef brunaboði er nálægur á að ýta á hann.
- Ef reykur er á gangi eiga nemendur að halda kyrru fyrir í stofu og skal hurð vera lokað. Fólki verður bjargað út um glugga þegar slökkvilið kemur. Stofu skal þó rýma strax í gegnum glugga eða útihurð ef það er hægt með öruggum hætti.
- Mynd af flóttaleiðum er á vegg á hverju svæði og fer rýmingin fram samkvæmt flóttaleiðum sem starfsmenn hafa kynnt sér og búið er að kynna nemendum.
- Söfnunarsvæði er við flaggstöngina.
- Deildarstjóri tekur skráningabók fjarvista (dagbók) og neyðarlista með sér út.

Rýming bygginga

- Ef viðvörðunarkerfi fer í gang skal nemendum raðað upp í stofu og fylgt út.
- Nemendur taka hvorki með sér skó né yfirhafnir þegar skólinn er rýmdur.
- Kennari fer síðastur út úr stofu og lokar hurð á eftir sér.
- Nemendur ganga í röð, alls ekki hlaupa, á eftir kennara sínum út að flaggstöng.
- Nemendur sem eru á salernum, á sal eða öðrum rýmum þegar eldur kemur upp, fara stystu leið út og safnast við flaggstöng.
- Starfsmenn meta og velja sína flóttaleið og fara að flaggstöng.
- Nemendur í sérgreinatímum fylgja sínum sérgreinakennara og sameinast nemendahópnum að flaggstöng.
- Nemendur raða sér í röð á söfnunarsvæði, ásamt starfsfólki.
- Deildarstjóri fer yfir nafnalista og aðgætir hvort allir nemendur hafa komist út.
- Ef umsjónarkennari gefur merki um að einhvern vanti athugar deildarstjóri nafnalista og fjarvistaskráningar.
- Deildarstjóri fer yfir nafnalista starfsmanna og athugar hvort allir hafa komist út.
- Þegar talning hefur farið fram má leita skjóls í öðrum byggingum á lóðinni meðan hættuástand varir.

Í fjarveru deildarstjóra tekur smíðakennari við stöðu hans við rýmingu og myndmenntakennari í fjarveru smíðakennara.

Brúarhús og Brúarsel

Páttökubekkir Brúarskóla fylgja rýmingaráætlun þeirra skóla sem þeir eru staðsettir við.
Brúarhús og Brúarsel í Húsaskóla.